

BIRGIR ÍSL. GUNNARSSON

bankastjóri og formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands

Ræða flutt á ársfundi Seðlabanka Íslands 29. mars 2000

Fyrir hönd stjórnar Seðlabanka Íslands býð ég ykkur öll velkomin á 39. ársfund bankans. Reikningar bankans fyrir árið 1999 hafa í dag verið staðfestir af forsætisráðherra. Þetta er í fyrsta sinn sem sá háttur er hafður á eftir að lögum um Seðlabankann var breytt um síðustu áramót og yfirstjórn hans færð til forsætisráðherra frá viðskiptaráðherra. Ársskýrsla bankans hefur jafnframt verið birt. Þar er að finna yfirlit um starfsemi hans og afkomu auk greinargerðar um stefnu og aðgerðir bankans í peningamálum, fjármálakerfi og fjármálamarkaði, svo og það sem helst einkenndi efnahagsþróun síðastliðið ár. Ég mun nú gera grein fyrir nokkrum þáttum efnahagsmála og horfum sem blasa við um þessar mundir. Mun ég einkum fjalla um það sem nánast tengist starfssviði Seðlabankans.

Verðbólga

Athygli Seðlabankans beindist í ríkum mæli að þeim ofþenslumerkjum sem einkenndu síðastliðið ár. Skýrar vísbendingar um ofþenslu komu reyndar fram árið áður og birtust fyrst og fremst í miklum viðskiptahalla og vaxandi spennu á vinnumarkaði. Á síðasta ári bættist svo við vaxandi verðbólga sem nú er mun meiri hér en í nokkru af helstu viðskiptalöndum okkar. Vísitala neysluverðs hækkaði um 5,8% á árinu 1999. Það er mesta verðbólga á einu ári síðan 1991. Tæplega eitt prósentustig af verðbólgu ársins má rekja til hækkunar á bensínverði á erlendum mörkuðum og tæpan þriðjung má rekja til hækkunar húsnæðisverðs á höfuðborgarsvæðinu, en vísitalan mælir ennþá aðeins hækkun á þessu svæði. Samanlagt skýrir hækkun bensín- og húsnæðisverðs


tæpan helming af verðbólgu síðasta árs. Þegar þessar skýringar eru metnar verður þó að hafa í huga að hækkun húsnæðisverðs er fyrst og fremst vísbending um mikla innlenda eftirspurn og að aðrar þjóðir hafa einnig mátt þola mikla hækkun bensínverðs án verulegrar verðbólgu af þeim sökum.

Verðþróun innlendra og erlendra matvæla átti einnig þátt í því að verðbólga á Íslandi jókst. Innlend matvara hækkaði um 7,4% á síðasta ári ef búvara er undanskilin. Innflutt mat- og drykkjarvara hækkaði á sama tíma enn meira, eða um 7,8%, þrátt fyrir hækkun á gengi krónunnar. Hins vegar stóð verðlag matvæla í stað á evrusvæðinu. Í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum fylgdu matvæli almennu verðlagi, en lækkuðu í Bretlandi. Þetta bendir allt til þess að mikil eftirspurn og þverrandi samkeppni skýri mikla hækkun matvæla á landi.

Seðlabankinn birtir verðbólguþátt fjórum sinnum

Mynd 1

Framlag undirþátta til hækkunar vísitölu neysluverðs 1999 (%)



á ári. Verðbólgan á árinu 1999 kom á óvart og varð meiri en spár ætluðu. Seðlabankinn birti síðast verðbólguþá í janúar síðastliðnum, og samkvæmt henni var gert ráð fyrir að verðlag hækkaði um 5% milli árana 1999 og 2000 og 3,8% frá upphafi til loka þessa árs. Mælingar í febrúar og mars gætu bent til ívið meiri verðbólgu en spáð var, en á móti kemur nokkru hærra gengi. Það er ekki síst aukinn hús-næðiskostnaður sem veldur hækkun vísitölunnar. Hins vegar hafa nú tekist kjarasamningar á drjúgum hluta vinnumarkaðarins sem virðast í meginatriðum samrýmast þeim forsendum um launahækkunar sem gengið var út frá í spá Seðlabankans í janúar sl. Því gæti verðbólga orðið minni á þessu ári en í fyrra, og er mikilvægt að því verði fylgt eftir af öllum þeim sem þar geta haft áhrif.

Viðskiptahalli

Annað árið í röð varð viðskiptahallinn í fyrra meiri en unað verður við. Hann var 42,8 milljarðar króna og nam 6,7% af vergri landsframleiðslu. Er það álíka mikill halli og árið áður. Það sem veldur áhyggjum er ekki aðeins hallinn, heldur hitt að hann á í ríkari mæli rætur að rekja til einkaneyslu en fjármunamyndunar. Einkaneyslan var að hluta kostuð af lánsfé, enda hækkaði skuldahlutfall heimilanna af ráðstöfunar-tekjum töluvert á árinu. Þjóðhagsspá gerir ráð fyrir miklum og vaxandi viðskiptahalla á þessu ári eða 7,2% af landsframleiðslu og að slíkur viðskiptahalli verði áfram á næstum árum. Nauðsynlegt er að

hagstjórn miði að því að koma böndum á viðskiptahallann.

Hagvöxtur


Hagvöxtur á árinu 1999 varð verulegur fjórða árið í röð eða nærri 4½%. Öflugur hagvöxtur í svo langan tíma er einstakur meðal iðnríkja. Í Bandaríkjunum hefur reyndar verið mikill hagvöxtur, og er áætlað að hann hafi verið 4% á síðastliðnu ári. Í evrulöndum er hann talinn hafa verið 2,2%, í Bretlandi 1,9% og í Japan 0,7%.

Á þessu fjögurra ára tímabili hefur eðli hagvaxtarins hér á landi breyst. Fyrrri hluta tímabilsins var hann knúinn áfram af mikilli fjárfestingu en hún dróst saman á árinu 1999. Mikill vöxtur var hins vegar í einkaneyslu. Helstu hvatar hennar hafa verið rífleg kaupmáttaraukning, aukin atvinna, skattalækkunarir og mikill vöxtur útlána. Enn er spáð öflugum hagvexti á þessu ári hér á landi eða 3,9%. Sama gildir um Bandaríkin. Í evrulöndum er gert ráð fyrir að hagvöxtur aukist í rúmlega 3%.

Vinnumarkaður og afkoma atvinnuveganna


Önnur skýr merki um ofpenslu komu fram á vinnumarkaði. Atvinnuleysi var 1,9% að meðaltali á síðasta ári, og hefur það ekki verið minna síðan 1991. Spáð er að það fari niður í 1,7% á þessu ári. Hins vegar sýna atvinnukannanir ólíkar aðstæður á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Áberandi skortur var á fólki til ýmissa starfa á höfuðborgarsvæðinu, en á landsbyggðinni er tilhneiging til fækkunar starfsfólks. Aðstreymi erlends starfsliðs dró úr vinnuafllskorti, en útgefin atvinnuleyfi urðu tæplega þrjú þúsund á árinu 1999 samanborið við tæplega tólf hundruð árið 1996. Þá sneru íslenskir ríkisborgarar heim í ríkum mæli. Aðfluttir umfram brottflutta á vinnualdri voru 773, og var þetta annað árið í röð sem sá munur er jákvæður, en undangenginn áratug voru brottfluttir að jafnaði fleiri. Þessar staðreyndir ásamt miklum samningsbundnum launahækkunum ollu því að launaskrið varð minna en ella hefði mátt búast við.

Raungengi krónunnar hækkaði nokkuð, enda hækkaði innlent verðlag og launakostnaður allmiklu



meira en í helstu viðskiptalöndum. Aðhaldssöm peningastefna leiddi og til hækkaðs nafngengis krónunnar. Slík þróun rýrir að öðru jöfnu samkeppnisstöðu útflutnings- og samkeppnisgreina. Raungengi fjórða ársfjórðungs 1999 var þó nálægt meðaltali síðustu 20 ára og langt undir því hámarki sem það náði á árunum 1987 og 1988. Afkoma í atvinnurekstri var á heildina litið góð, og athyglisvert er að útflutningur iðnaðarvöru, bæði stóriðjuafurða og annarrar vöru, óx verulega á árinu.

Ekki er tilefni til að ætla að raungengi hafi hækkað umfram það sem samrýmist langtímastöðugleika. Svo lengi sem áhrif af auknu aðhaldi í peningamálum og í fjármálum ríkisins hafa ekki skilað sér að fullu í betra jafnvægi í þjóðarbúskapnum er óhjákvæmilegt að atvinnuvegirnar sætti sig um sinn við lakari samkeppnisstöðu og jafnvel hærra raungengi en nú er.



Opinber fjármál


Ég mun nú víkja nokkrum orðum að ríkisfjármálum, en athyglin hlýtur mjög að beinast að þeim í glímunni við viðskiptahallann. Staða ríkisfjármála var sterk á árinu, en skýrist þó öðru fremur af miklum hagvexti. Eignasala átti hér einnig hlut að máli, en að öðru jöfnu ætti hún að draga úr þenslu. Þær aðferðir sem Seðlabankinn notar til þess að mæla aðhaldsstig ríkisfjármála benda til minnkandi aðhalds á árinu 1999. Staða sveitarfélaganna var enn erfið, en halli á rekstri þeirra virðist hafa verið rúmum 3 milljarðar

króna á móti 4,3 milljörðum króna árið áður. Fullyrða má að ekki hafi verið veitt nægilegt aðhald í opinberum rekstri í heild miðað við þá þenslu sem ríkti. Á þessu ári er stefnt að auknu aðhaldi í ríkisfjármálum með 16,7 milljarða króna afgangi. Er mjög mikilvægt að ekki verði farið fram úr útgjaldaáformum fjárlaga og að hugsanlegar auknar tekjur skili sér að fullu til bættrar afkomu ríkissjóðs. Við þá miklu þenslu, sem nú gætur, er ríkissjóður öflugasta tækið til að stuðla að bættu jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Útlánaþensla

Árið 1999 einkenndist ekki síst af örum vexti útlána og peningamagns. Útlán lánakerfisins í heild jukust um 17,4% á árinu, en útlán innlánsstofnana mun meira eða um 23,1%. Peningamagn á mælikvarða M3 óx um 17,1%. Um miðbik ársins var þessi vöxtur enn meiri, en úr honum dró á síðari hluta ársins. Vöxtur útlána var að rúmum helmingi fjármagnaður með erlendu lánsfé.

Öran vöxt í útlánnum innlánsstofnana má bæði rekja til mikillar eftirspurnar og aukins framboðs lánsfjár. Aukið framboð birtist m.a. í sókn innlánsstofnana eftir aukinni markaðshlutdeild. Efnahagsreikningar banka og sparissjóða hækkuðu að mun, og í heild rýrnaði eiginfjárlutfall án víkjandi lána, en ekki eiga allar stofnanir þar jafnan hlut að. Þetta gerðist þrátt fyrir mjög góða afkomu innlánsstofnana á árinu. Seðlabankinn ítrekar þá skoðun sína að hag-



stæð rekstrarskilyrði eigi lánastofnanir að nýta til þess að byggja upp sterka eiginfjárstöðu svo að þær séu betur búnar undir erfiðari tíma. Ákafur útlánavöxtur síðustu tveggja ára kom a.m.k. í sumum tilvikum í veg fyrir að svo yrði.

Vegna þess að vöxtur innlendrar eftirspurnar var að verulegu leyti knúinn áfram af lánsfé jókst skuldsætning heimila og fyrirtækja á liðnu ári. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri jukust skuldir heimilanna um 71 milljarð króna og námu 147% af áætluðum ráðstöfunartekjum þeirra það ár. Fyrir áratug námu skuldir heimilanna 72% af ráðstöfunartekjum og einungis fimmtungi fyrir tveimur áratugum. Útlán lána-kerfisins til fyrirtækja jukust um 26%. Einkum jukust skuldir fyrirtækja í verslun og þjónustu, og mun láta nærri að skuldir þeirra hafi aukist um þrjá fjórðu hluta. Verulegur hluti þeirra skulda var gengis-tryggður.

Stefna og aðgerðir Seðlabankans

Ég mun nú víkja að stefnu og aðgerðum Seðlabankans í peningamálum. Vegna ofþenslueinkenna í efnahagslífinu var stefna Seðlabankans mjög aðhaldsöm. Bankinn hækkaði vexti sína þrisvar á árinu, í febrúar, júní og september, samtals um 1,5 prósentustig. Þrátt fyrir vaxtahækkunar ársins náðu stýrivextir bankans tæplega að fylgja eftir breyttum verðbólguvæntingum. Frá síðustu áramótum hefur Seðlabankinn tvívegis hækkað vexti sína um samtals 1,1 prósentustig. Við þær aðstæður sem nú ríkja í efnahagsmálum mun Seðlabankinn áfram halda uppi aðhaldssamri stefnu í peningamálum.

Snemma á liðnu ári setti Seðlabankinn nýjar lausafjárreglur til að stemma stigu við rýrmandi lausafjárstöðu lánastofnana og aukinni notkun erlends skammtímafjár. Lausafjárreglurnar komu að tilætluðu gagni og virtust a.m.k. í bráð hafa stuðlað að minni útlánaaukningu lánastofnana.

Lausafjárreglunum var ætlað að stuðla að traustum rekstri lánastofnana fremur en að vera peningalegt stjórnþæki. Vegna slæmrar lausafjárstöðu átti Seðlabankinn þó von á að reglurnar myndu hægja á vexti útlána meðan lánastofnanir löguðu lausafjárstöðu sína. Seðlabankanum var ljóst að þessar reglur

höfðu ýmsar hliðarverkanir og voru sumar óæskilegar. Bankinn mótaði síðan í samstarfi við lánastofnanir nýjar reglur um lausafjárhlutfall sem tóku gildi í lok síðasta árs.

Eftir að bankinn breytti stjórnþækjum sínum á árinu 1998 eru lausafjárviðskipti hans við innlánsstofnanir að meginhluta í formi endurhverfra verðbréfakaupa. Vikulega fara fram útböð á vegum Seðlabankans. Bankinn býðst þá til að veita lánastofnunum lán til 14 daga á vöxtum sem hann ákveður. Endurhverf verðbréfakaup Seðlabankans jukust mjög á síðustu mánuðum liðins árs. Ástæðu þess má rekja til sveiflna í lausafjárstöðu innlánsstofnana sem stafa að jafnaði af árstíðabundnum breytingum á stöðu ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum og árstíðabundnu gjaldeyrisústreymi. Auk þess hafði sala á ríkiseignum áhrif á lausafjárstöðu bankanna þegar leið að lokum síðasta árs.

Mikil aukning endurhverfra viðskipta Seðlabankans við lánastofnanir hefur orðið ýmsum tilefni til að spyrja hvort þar sé ekki að leita skýringa á miklum vexti útlána og peningamagns og hvort ekki væri ástæða til þess að Seðlabankinn takmarkaði framboð slíkra samninga í því skyni að hefta vöxt peningamagns og útlánagetu lánastofnana.

Flestir seðlabankar í iðnríkjum hafa kosið að stýra fremur vöxtum en framboði. Ástæður þess eru nokkrar. Í fyrsta lagi leiðir magnstýring til meiri sveiflna á vöxtum á peningamarkaði, en það getur valdið óvissu um það hversu miklu aðhaldi bankinn stefni raunverulega að. Peningastefnan verður með öðrum orðum óskýrari. Í öðru lagi getur takmörkun á framboði lánsfjár aukið lausafjávanda einstakra lánastofnana og valdið kerfisvanda. Í þriðja lagi er erfitt að beita magnstýringu í opnu hagkerfi með frjálsum fjármagnshreyfingar við önnur lönd. Slíkt getur leitt til óæskilegra sveiflna á gengi gjaldmiðilsins.

Af þessum ástæðum beitir Seðlabanki Íslands ekki grunnfjárstýringu frekar en aðrir seðlabankar í nálægum löndum. Vextir á peningamarkaði eru meginstýritæki bankans, enda er ekki til lengdar unnt að stýra hvoru tveggja, vöxtum og magni. Reynslan á árinu 1999 sýndi að breytingar á vöxtum Seðla-

bankans höfðu skjót áhrif á aðra óverðtryggða vexti á peninga- og lánamarkaði.


Gengismál

Vaxtaákvæðanir Seðlabankans hafa áhrif á mun skammtímavaxta hér á landi og erlendis. Vaxtamunur þriggja mánaða ríkisvixla var 3,5% í upphafi ársins, en 5,7% undir lok ársins. Um þessar mundir er viðskiptavegin munur skammtímavaxta hér og erlendis 6,25% mælt á sama mælikvarða.

Aukinn vaxtamunur stuðlaði að innstreymi fjármagns til landsins. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Seðlabankans var fjármagnsjöfnuður við útlönd jákvæður um 58 milljarða króna á síðasta ári. Innstreymi fjármagns stafar að mestu leyti af erlendum lántökum lánastofnana og atvinnufyrirtækja, en umtalsvert útstreymi var vegna fjárfestinga í erlendum verðbréfum og aukinna innlána erlendis. Aukið fjárstreymi til landsins stuðlaði að sterkara gengi krónunnar, en það ræðst á millibankamarkaði með gjaldeyri eins og kunnugt er. Gengið styrktist á árinu um 2,72%. Í upphafi ársins var gengið 1,6% yfir miðgengi, en var í lok ársins 4,32% yfir miðgengi. Gengið hefur svo haldið áfram að styrkjast það sem af er þessu ári og er um þessar mundir um 5,4% yfir miðgengi og hefur því styrkst frá áramótum um rúmlega 1%. Enginn vafi er á því að verðbólga væri meiri nú ef Seðlabankinn hefði ekki beitt sér fyrir því að styrkja gengið. Hin almenna regla er sú að hvert prósentustig í hækkun gengis dregur úr verðbólgu sem nemur 0,4%.

Í opnu hagkerfi eins og hinu íslenska er náið samband á milli gengis og verðlags. Stöðugt gengi hefur því verið millimarkmið stefnunnar í peningamálum, og Seðlabankinn hefur beitt vöxtum til að halda gengi krónunnar innan tilskilinna marka. Eftir að gjaldeyrismarkaður var settur á fót voru vikmörk gengisvísitalunnar fyrst í stað ákveðin 2¼% í hvora átt frá miðju, og 1995 voru þau færð í 6%. Í upphafi þessa árs voru vikmörkin farin að hefta þá gengisþróun sem bankinn taldi æskilega til að stemma stigu við vaxandi verðbólgu. Af þessum sökum fór Seðlabankinn þess á leit við ríkisstjórn að vikmörkin yrðu víkkuð um 3 prósentustig í hvora átt svo að svigrúm

ynnist til meira aðhalds í peningamálum. Sú breyting kom til framkvæmda 14. febrúar er vikmörkin urðu 9% í hvora átt. Á sama tíma hækkaði bankinn vexti sína um 0,3 prósentustig. Tilgangur vaxtahækkunarinnar var tvíþættur, annars vegar að bregðast við þeim vaxtahækkunum sem urðu erlendis í janúar og febrúar, en þær drógu úr mun peningamarkaðsvaxta hér og erlendis, og hins vegar að senda skýr skilaboð um aðhald í peningamálum og sterkara gengi krónunnar. Á markaðnum var þessum ákvörðunum vel tekið, og hafa þær orðið til að styrkja krónuna enn frekar frá því sem áður var.



Frá því að millibankamarkaður með gjaldeyri var settur á stofn 1993 hefur hann eflst jafnt og þétt, og námu viðskiptin alls 468 milljörðum króna á árinu 1999 og jukust um 16% frá fyrra ári. Hlutdeild Seðlabankans á markaðnum hefur farið hratt minnkandi frá árinu 1996 þegar hún var um 80%. Á síðasta ári var hlutdeild bankans 4% af heildarviðskiptum, og hefur hann engin viðskipti átt á millibankamarkaðnum frá því í júní á síðasta ári. Með sífellt minnkandi viðskiptum Seðlabankans má segja að markaðsákvörðun gengisins byggist á sterkari grunni en áður. Gengisvísitalan veitir þannig Seðlabankanum betri upplýsingar um markaðsaðstæður hverju sinni og þá um leið hvort og hvenær sérstakra ráðstafana sé þörf, hvort sem um er að ræða aðgerðir á millibankamarkaði eða breytingu á stýrivöxtum bankans. Rétt er og að hafa í huga að íhlutun Seðlabankans á mark-

aðnum getur einnig haft þann tilgang að styrkja gjaldeyrisforðann. Slíkar aðgerðir þurfa alls ekki að fela í sér breytta stefnu í gengismálum, en þá er hins vegar eðlilegt að Seðlabankinn skýri markaðsaðilum frá slíkum aðgerðum og tilgangi þeirra. Því er ekki að leyna að Seðlabankinn hefur áhuga á því að styrkja gjaldeyrisforða sinn þegar tækifæri gefst.

Lífeyrissjóðir

Eignir lífeyrissjóða jukust hratt á síðasta ári. Samkvæmt bráðabirgðatölum nam hrein eign þeirra um síðustu áramót rúmum 515 milljörðum króna og hafði vaxið um 108 milljarða króna á árinu eða 26,5%. Hrein eign lífeyrissjóða í árslok 1999 nam sem svaraði 81% af vergri landsframleiðslu ársins.

Samsetning eigna lífeyrissjóðanna hélt áfram að breytast, og jukust erlendar eignir þeirra mikið. Eign lífeyrissjóðanna í erlendum verðbréfum nam í árslok 96 milljörðum króna, tæplega 19% af hreinni eign þeirra. Ljóst er að lífeyrissjóðir færa æ stærra hlut eigna sinna yfir á erlenda markaði, en eru þó vel undir því hámarki sem lög setja þeim.

Innlend markaðsskuldabréf og hlutdeildarskírteini í eigu lífeyrissjóða jukust nánast jafn mikið á síðasta ári og árið áður. Eign þeirra á skuldabréfum ríkissjóðs dróst enn saman, en húsbreftæign jókst um rúma 8 milljarða króna, og er þetta öfugt við það sem var á fyrra ári. Í lok ársins nam eign lífeyrissjóða í innlendum og erlendum hlutabréfum 85 milljörðum króna og hafði vaxið um 36 milljarða á árinu. Tæpur helmingur hlutabréfanna er erlendur. Í hlutabréfasjóðum átta lífeyrissjóðirnir 47 milljarða króna, 29 milljörðum króna meira en árið áður. Það er nánast allt í erlendum sjóðum. Ég læt þessar tölur duga um starfsemi lífeyrissjóðanna, en þær sýna mikið og vaxandi afl þeirra sem fjármálastofnana.

Fjármálastöðugleiki

Eins og greint var frá á síðasta ársfundi hefur Seðlabankinn lagt vaxandi áherslu á að fylgjast með stöðugleika fjármálakerfisins í heild. Unnið var áfram að rannsóknum til undirbúnings þeirri úttekt á stöðugleika fjármálakerfisins sem birtist í Peningamálum, ársfjórðungsriti Seðlabankans, í febrúar sl.

Seðlabankar hafa í vaxandi mæli tekið að fylgjast sérstaklega með þáttum sem gætu grafið undan trúverðugleika fjármálakerfisins. Skyndilegar fjármálakreppur, sem dunið hafa yfir víða um heim á undanförunum árum, hafa beint sjónum manna í auknum mæli að þessum verkefnum. Athygli seðlabankanna beinist að styrk og skilvirkni fjármálakerfisins, þjóðhagslegu umhverfi og hættum sem þar kynnu að leynast, svo og öryggi greiðslukerfa og ýmsu sem þeim tengist. Frumúttekt Seðlabankans á fjármálakerfinu leiðir bæði í ljós styrkleika og veikleika. Hið jákvæða er mikill hagvöxtur og góð afkoma atvinnuveganna almennt, þótt hækkað raungengi þrengi að sumum greinum. Staða íslenskra fjármálastofnana virðist traust, og vanskil á lánnum hafa minnkað. Eignaverð hefur hækkað hratt að undanförunum, og ekki eru líkur á skyndilegri almennri lækun þess í ár. Auk þess eru veðsetningarmörk yfirleitt lægri en gerist í ýmsum nágrennalöndum. Hlutur erlendra skammtímalána hjá íslenskum bönkum hefur minnkað. Seðlabankinn á samningsbundinn og fyrirvaralausan aðgang að erlendu lánsfé ef þörf krefur. Öll þessi atriði hafa m.a. leitt til þess að þrjú erlend matsfyrirtæki hafa gefið íslenska ríkinu góða lánsþæfiseinkunn sem aðrir íslenskir lántakar njóta góðs af á erlendum mörkuðum.

Meginveikleiki íslensks fjármálakerfis nú felst í miklum viðskiptahalla, peninga- og útlánaþenslu, lágu eiginfjárlutfalli margra lánastofnana og að nokkru í viðkvæmri erlendri skammtímastöðu sem hefur þó batnað. Veikleikinn snertir almenna hagstjórn eins og ég hef áður gert að umtalsefni, en felst einnig í stjórn einstakra stofnana, t.d. að því er varðar þróun útlána, lækkandi eiginfjárlutfall og ofnotkun erlendra skammtímalána. Nauðsynlegt er að hver stofnun hugi að þessum málum í sínum ranni. Enda þótt tiltekinn veikleiki sé fyrir hendi í fjármálakerfi okkar er heildarniðurstaðan sú að hætta sé ekki yfirvofandi, en nauðsynlegt sé að takast á við þann vanda sem bent hefur verið á.

Dæmi eru um fjármálakreppur í ýmsum löndum og heimshlutum á síðastliðnum tíu árum, jafnvel í næstu grannlöndum. Við getum líka verið viss um að slíkar fjármálakreppur halda áfram að ríða yfir.

Aðalatriðið er að við höldum þannig á okkar spilum að dregið sé úr líkum á að slíkt gerist hér á landi. Bankastjórn Seðlabankans hefur ákveðið að styrkja enn frekar þennan þátt í starfsemi bankans og í því skyni nýlega ráðið sérstakan starfsmann á skrifstofu bankastjórnar til þessara verkefna.

Greiðslumiðlun

Seðlabankinn hefur í vaxandi mæli beint athygli sinni að greiðslumiðlun eins og ég hef gert grein fyrir hér á ársfundum bankans undanfarin tvö ár. Við lagabreytingar árið 1998 fékk Seðlabanki Íslands það hlutverk að stuðla að greiðri, hagkvæmri og öruggri greiðslumiðlun innanlands og við útlönd. Í þessu starfi hefur verið leitast við að hafa eins náð samband við lánastofnanir í landinu og unnt er. Ýmsar breytingar eru á döfni og vil ég nefna þessar helst:

Unnið hefur verið að stofnun fyrirtækis um rekstur greiðslujöfnunarkerfis og svokallaðrar RÁS-þjónustu. Tilgangurinn með stofnun fyrirtækisins er m.a. að veita nýjum aðilum tækifæri til sama aðgangs að greiðslujöfnunarkerfinu og uppgjöri þess og núverandi eigendur Reiknistofu bankanna hafa. Sérstök verkefnisstjórn starfar að þessum undirbúningi. Er þess vænst að hún ljúki störfum fljótlega.

Seðlabankinn hefur í samvinnu við viðskiptabanka og sparisjóði undirbúið setningu reglna um aðgengi greiðslukerfa að viðskiptareikningum í Seðlabankanum. Undirbúningur þeirra reglna er á lokastigi. Þá hefur bankinn og haft hug á að koma upp greiðslukerfi fyrir stórar greiðslur sem yrði rauntímauppgjörskerfi. Það þýðir að greiðslur yfir tilteknu hámarki yrðu gerðar upp þegar í stað og endanlega á viðskiptareikningum í Seðlabankanum.

Hér hafa verið nefnd dæmi um nokkur mikilvæg mál sem hafa verið í undirbúningi á sviði greiðslu-

miðlunar. Þau hafa þann tilgang að tryggja öryggi í greiðslumiðlun, að tryggja jafnan aðgang fjármálafyrirtækja að grunnþáttum greiðslumiðlunar og að tryggja að greiðslumiðlunarkerfi hér á landi uppfylli alþjóðleg skilyrði.

Lokaorð

Góðir fundargestir!

Horfur í efnahagsmálum á alþjóðavettvangi hafa farið batnandi að undanförnu. Það kemur sér vel fyrir Íslendinga svo háðir sem við erum alþjóðaviðskiptum. Horfur í efnahagsmálum hér á landi eru einnig góðar, en brún nauðsyn er á að treysta stjórn á þeim þáttum sem áhyggjum valda. Verðbólgan og viðskiptahallinn valda því að þörf er mikils aðhalds bæði í peningamálum og opinberum fjármálum. Ljóst er að aðhald peningastefnunnar má síst vera minna en nú er, og mun Seðlabankinn áfram leitast við að leggja sitt af mörkum til að úr verðbólgunni dragi og heitir á aðra sem þar geta komið við sögu að leggjast á sömu sveif.

Um síðustu áramót varð sú breyting á stjórnkerfislegri stöðu Seðlabankans að yfirstjórn hans fluttist frá viðskiptaráðherra til forsætisráðherra eins og áður hefur komið fram. Seðlabankinn hefur átt mjög ánægjulegt samstarf við starfsmenn viðskiptaráðuneytisins og viðskiptaráðherra sem hér er þakkað. Það samstarf mun áfram haldast að því er snertir fjármálamarkaðina, en verður þó takmarkaðra en áður. Seðlabankinn væntir góðs samstarfs við forsætisráðherra og starfsmenn forsætisráðuneytisins. Það samstarf hefur verið mikið og gott enda eðlilegt þar sem yfirstjórn efnahagsmála er í höndum forsætisráðherra. Ég þakka einnig ánægjulegt samstarf við önnur stjórnvöld og fjármálastofnanir í landinu.